| *Tillögur* | *Skýring* | *Tímarammi:* | *Deild/svið:* | *Ábyrgðarmaður:* | *Ath/niðurstaða:* |
|---|---|---|---|---|---|
| 10. SPJALDTÖLVUR | Lagt er til að tölvudeild annist kaup á spjaldtölvum fyrir grunn- og leikskóla og umsjón með þeim. | Hafið | F&M | Sviðsstjóri | Komið í framkvæmd. |
| 31. TALMEINAFRÆÐINGAR | Lagt er til að athugað verði hvort til greina komi að talmeinafræðingar, sem starfa á skóladeild og vinna með nemendum á leikskólum, veiti einnig stuðning við nemendur á yngsta stigi í grunnskólum bæjarfélagsins. | Hafið | F&M | Sviðsstjóri | Er gert að hluta til í dag. Búið að ræða við talmeinarfræðinga og beðið er kostnaðarmats |
| 32. STUÐNINGUR VIÐ NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR | Lagt er til að athugað verði með að gera ítarlega úttekt á sérkennslumálum hjá bæjarfélaginu með það að markmiði að bæta enn frekar góða þjónustu og að hámarka nýtingu þess fjármagns sem sett er í stuðning við nemendur. | Hafið - ekki vitað hvenær lýkur | F&M | Sviðsstjóri | Búið að kynna verkefnið fyrir starfsfólki. Unnið í samstarfi við 15 önnur sveitarfélög í gegnum Menntamálaráðuneytið. |
| 33. FIMM DEILDIR Á FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐI | Lagt er til að fræðslu- og menningarsviði verði skipt í fimm deildir, stoðdeild þar sem starfsmenn heyra undir sviðsstjóra, grunn- og tónlistardeild, leikskóladeild, íþrótta-, tómstunda- og forvarnardeild og menningardeild. Gert verði ráð fyrir að starfsmenn stoðdeildar heyri undir sviðsstjóra og síðan deildarstjórar hverjar deildar. Deildarstjóri íþrótta-, tómstunda- og forvarnardeildar beri starfsheitið íþrótta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi. Deildarstjóri menningardeildar beri starfsheitið menningarfulltrúi. | Lokið | F&M | Sviðsstjóri | |
| 34. AÐGANGSSTÝRIKERFIÐ CURRON | Lagt er til að athugað verði hvort ekki sé hægt að vinna með ódýrara fyrirkomulag við aðgangsstýringu á Ásgarðslaug og Álftaneslaug. | Í skoðun - maí | F&M | Sviðsstjóri | Búi að fara yfir með íþrótta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúa. Tillaga verður lögð fyrir í maí. |
| 35. REKSTUR LEIKSKÓLA | Lagt er til að leitað verði skýringa á því hvers vegna rekstrarkostnaður leikskólanna Krakkakots, Kirkjubóls, Hæðarbóls og Lundabóls er jafn hár og raun ber vitni í samanburði við sambærilega leikskóla að stærð hvað fjölda HDÍG varðar og einnig í samanburði við aðra leikskóla í Garðabæ. | Í skoðun - maí | F&M | Sviðsstjóri | Leikskólafulltrúi í samráði við fjármálastjóra skilar úttekt í maí. |

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 36. HRÁEFNISKAUP OG LAUNAKOSTNAÐUR VIÐ MATARGER | Lagt er til að gerð verði athugun á miklum mun á launakostnaði og kostnaði við hráefniskaup vegna matargerðar í leikskólum bæjarfélagsins. | Í vinnslu - maí | F&M | Sviðsstjóri | Leikskólafulltrúi skilar úttekt í maí. |
| 37. KAUP Á MAT | Lagt er til að skoðað verði með sameiginleg innkaup á mat fyrir leikskóla bæjarfélagsins að undangengnu útboði. | Í vinnslu - maí | F&M | Sviðsstjóri | Leikskólafulltrúi skilar úttekt í maí. |
| 38. UNGBARNALEIKSKÓLINN SUNNUHVOLL | Lagt er til að athugað verði hvort grundvöllur sé til þess að endurskoða rekstur ungbarnaleikskólans Sunnuhvols með hliðsjón af því að nú taka allir leikskólar bæjarfélagsins börn inn frá 12 mánaða aldri. | Ekki hafið | F&M | Sviðsstjóri | Tillaga mun liggja fyrir við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. |
| 39. REKSTUR ÁLFTANESSKÓLA OG SJÁLANDSSKÓLA | Lagt er til að leitað verði skýringa á því hvers vegna rekstrarkostnaður Álftanesskóla og Sjálandsskóla er svo hár sem raun ber vitni í samanburði við sambærilega grunnskóla að stærð, hvað fjölda nemenda varðar og einnig í samanburði við aðra grunnskóla í Garðabæ. | Í vinnslu - maí | F&M | Sviðsstjóri | Rekstur Álftanesskóla hefur lækkað frá árinu 2017 sem er viðmiðunarár í úttektarskýrslu. Hlutfall nemenda með sérþarfir er mun hærra í Sjálandsskóla en í sambærilegum skólum. Grunnskólafulltrúi mun skila formlegri úttekt í maí. |
| 40. REKSTRARLÍKAN GRUNNSKÓLA | Lagt er til að athugað verði að taka rekstrarlíkan sem notast er við úthlutun á fjármagni til endurskoðunar. Skoðað verði hvort ekki þurfi að notast við annað líkan við úthlutun til fámennari skóla eins og Sjálandsskóla en til þeirra fjölmennari. | Í vinnslu - ekki vitað hvenæ | F&M | Sviðsstjóri | Verður endurskoðað í samráði við fjármálastjóra fyrir gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. Tengist verkefni menntamálaráðuneytis um úttekt á sérkennslu. |
| 41. HÚSUMSJÓNARMENN Í GRUNNSKÓLUM | Lagt er til að húsumsjónarmenn í grunnskólum heyri undir viðkomandi skólastjóra. | Lokið | F&M | Sviðsstjóri | Komið í framkvæmd. |
| 42. RÆSTINGAR Í LEIK OG GRUNNSKÓLUM | Lagt er til að athugað verði að móta stefnu um hvernig ræstingum verður háttað til framtíðar litið í leik- og grunnskólum. | Ekki hafið | F&M | Sviðsstjóri | Tillaga mun liggja fyrir við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. |
| 43. ALMENN VÖRU- OG ÞJÓNUSTUKAUP | Lagt er til að leitað verði skýringa á því af hverju almenn vöru- og þjónustukaup hækka nokkuð umfram hækkun á neysluverðsvísitölu á milli áranna 2017 og 2018 hjá grunskólum sveitarfélagsins. Þetta verði einnig skoðað varðandi leikskólana. | Í skoðun - sept | F&M | Sviðsstjóri | Tillaga mun liggja fyrir við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. |

Skjal sótt af '0000000' dags: 25.03 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 44. VERKSAMNINGAR VARÐANDI LEIK- OG GRUNNSKÓLA | Lagt er til að fram fari ítarleg athugun á verktakasamningum vegna leikskóla. Leitað verði leiða til að samræma þessa samninga og gerðir nýir samningar þar sem það á við. Þetta verði jafnframt gert fyrir verksamninga vegna grunnskóla. | Í vinnslu - maí | F&M | Sviðsstjóri | Leikskólafulltrúi og grunn- og tónlistarskólafulltrúi í samstarfi við fjármálastjóra leggi fram niðurstöður úttektar í maí. |
| 45. REKSTRARKOSTNAÐUR EINKAREKINNA LEIKSKÓLA | Lagt er til að fram fari samanburður á kostnaði við rekstur leikskóla Garðabæjar og einkarekinna leikskóla sem Garðabær kaupir þjónustu af. | Í vinnslu - júní | F&M | Sviðsstjóri | Er í vinnslu. Niðurstaða liggur vonandi fyrir í júní |
| *46.* LEIKSKÓLINN SJÁLAND | Lagt er til að fram fari athugun á því í tíma hvað gera skuli þegar samningur um leigu og rekstur leikskólans Sjálands rennur út árið 2030. | Í vinnslu - sept | F&M | Sviðsstjóri | Tillaga mun liggja fyrir við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. |
| 47. SKÓLABÓKASAFN OG ALMENNINGS BÓKASAFN Á ÁLFTANESI | Lagt er til að athugað verði að sameina rekstur skólabókasafnsins í Álftaneskóla við almenningsbókasafnið þannig að Bókasafn Garðabæjar taki reksturinn alveg yfir. | Í vinnslu - lok árs | F&M | Sviðsstjóri | Búið að kynnna tillögu fyrir skólastjóra, forstöðumanni bókasafnsins og starfsmönnum. Verður komið til framkvæmda vorið 2021. |
| 48. OPNUNARTÍMI BÓKASAFNS | Lagt er til að athugað verði hvort breyta megi opnunartíma bókasafnsins með hliðsjón af upplýsingum um aðsókn í bókasafnið. | Í vinnslu - sept | F&M | Sviðsstjóri | Tillaga mun liggja fyrir við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. |

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026